

FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnaþraut 13, 540 Blönduós

11. árg. 3. tbl. 2012

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: www.rhs.is

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: rhs@bondi.is

netf.: rhs@bondi.is

Ágúst 2012

Lambaskoðanir

Lambaskoðun verður unnin með svipuðum hætti og undanfarin ár. Gjaldtaka er sú sama á öllu svæðinu og verður tímagjaldið 3.900 kr./klst/ráðunaut án vsk. Þeir sem óska sérstaklega eftir skoðunum um helgar greiða 50% álag ofan á það gjald. Lágmarksgjald á hverjum stað er fyrir 0,5 klst. Mikilvægt er að lömb og vinnuaðstaða séu tilbúin og nægur liðsafl, svo þessi þjónusta verði sem ódýrust. Nýr liðsmaður verður með okkur í haust í lambaskoðunni, Einar Kári Magnússon frá Hamratungu í Gnúpverjahreppi.

Panta þarf ómskoðun með nokkrum fyrirvara til að hægt sé að skipuleggja vertíðina vel. Því fyrir sem bændur panta því meiri líkur eru á að hægt sé að verða við óskum þeirra um tíma. Til að auðvelda skipulagningu er gott að bændur séu búnir að gera sér nokkurn veginn í hugarlund hvað þeir ætla að láta skoða mikinn fjölda áður en þeir panta skoðun. Hægt er að panta símleiðis og eins með því að senda tölvupóst á rhs@bondi.is.

Líkt og undanfarin ár verður dagatal ómskoðunar uppfært reglulega á heimasíðu búnaðarsambandsins www.rhs.is sem getur vonandi hjálpað bændum við að finna tíma sem þeim hentar.

Langflestir bændur eru farnir að slá sjálfir dómana inn í fjárvísi. Við hjá BHS munum taka tímagjald fyrir innslátt dóma þar sem menn gera það ekki sjálfir. Eru menn hvattir til að slá alla dóma inn sem fyrst eftir skoðun svo þessar upplýsingar nýtist sem best í áframhaldandi fjárragi og ásetningsvali. Bændur geta síðan sjálfir keyrt afkvæmarannsókn til að sjá hvernig hrútarnir koma út miðað við ómskoðun og þau sláturlömb sem komnar eru upplýsingar um. Við munum þó einnig gera upp afkvæmarannsóknir eins og verið hefur þegar lambaskoðunum er lokið.

Við val á lömbum til skoðunar er kynbótamatið (BLUP-ið) í haustbókinni sjálfsagt hjálpartæki. Það byggir á ætternismati og er því mun öruggara eftir því sem ættfærslur eru áreiðanlegri. Áherslur á mismunandi eiginleika fara eftir stöðu á hverju búi, ef t.a.m. ekki er næg frjósemi í stofninum, ætti að leggja áherslu á að velja ásetninglömb eftir kynbótamati fyrir frjósemi o.s.frv. Hægt er að taka lambabókina út í excel af fjarvis.is og merkja lömb með mismunandi litum t.d. eftir kynbótamati, ætterni og fleiru. Þeir sem vilja fá aðstoð við það geta haft samband við Önnu Möggu hjá BHS.

Afkvæmarannsóknir

Samanburður á hrútum í gegnum afkvæmarannsóknir er tvímælaust árangursríkasta leiðin til að meta kynbóttagildi þeirra til kjötgæða. Þar eru hrútarnir metnir með tilliti til þess hvernig afkvæmi þeirra flokkast í sláturhúsi og stigast og mælast á fæti. Ljóst er að margir bændur hafa náð miklum framförum í kjötgæðum með markvissri ræktun og notkun afkvæmarannsókna.

Framkvæmd afkvæmarannsóknanna verður eins og verið hefur, þ.e. skilyrði er að ómskoðuð séu að lágmarki 8 lömb (eingöngu gimbrar eða eingöngu hrútar) undan hverjum hrút og að kjötmatsupplýsingar liggi fyrir um a.m.k. 10-12 lömb. Til að uppgjör geti farið fram þarf bóndi að hafa skilað vorbók.

Eins og í fyrra verða einungis styrktar afkvæmarannsóknir þar sem eru 8 hrútar eða fleiri og nemur styrkurinn 10.000 kr. Þessir peningar eru teknir af rannsóknar- og þróunarfrjárluta sauðfjársamnings. Við munum samt að sjálfsgöðu gera upp og/eða aðstoða menn við uppgjör á afkvæmarannsóknnum með færri hrúta eins og verið hefur.

Heysýnataka

Nokkuð af heysýnum er komið inn til okkar og viljum við hvetja þá sem eiga enn sýni í frystikistunni að koma þeim til okkar sem fyrst svo hægt sé að senda þau suður í greiningu. Einnig geta menn sent sýnin sjálfir með rútu á Hvanneyri, séu þau kirfilega merkt með viðeigandi upplýsingum. Þá þarf að muna eftir að hringja á Hvanneyri og láta vita að sýni séu væntanleg svo þau dagi ekki uppi á N1 í Borgarnesi. Merkja þarf sýnin með:

- Nafn bónda, kennitala og heimilisfang
- Nafn eða nr. spildu
- Dags. sláttar og dags. hirðingar
- Er sýnið af 1. eða 2. slætti
- Er heyið ætlað í rúllur, þurrhey eða vothey
- Er sýnið af túni eða grænfóðri

Við verðum eitthvað á ferðinni með heysýnaborinn í byrjun september fyrir þá sem gleymt hafa að taka hirðingarsýni og fyrir þá sem vilja fá sýni úr verkuðu fóðri eins og t.a.m. fyrir NorFor.

Verð fyrir hefðbundnar mælingar (með steinefnum) kr. 5.700, á hvert sýni án vsk

Verð án steinefna kr. 3.000, á hvert sýni án vsk

Viðbót fyrir NorFór kerfið (aska, sCP, NDF og iNDF kr. 1.500, á hvert sýni án vsk)
(Norfórgreining með steinefnum kr. 7.200 á sýni án vsk)

Þeir bændur sem ætla að láta gera fyrir sig fóðuráætlun í NorFor gætu þurft að bíða eitthvað lengur því gerjun í heyinu þarf að vera búin að eiga sér stað og er þá talað um 4-6 vikum eftir að heyinu var pakkað inn. Gott væri samt að fá að vita af þessum bæjum svo hægt sé að taka sýni um leið og sá tími er liðinn.

Umsóknir og úttektir á jarðabótum

Þeir sem ekki hafa sótt um úttekt á þróunar- og jarðabótum verða að sækja um í síðasta lagi 10. september því það er lokafrestur til umsókna. Hægt er að hafa samband á skrifstofuna en einnig er hægt að sækja um úttekt í þessa flokka á rafrænu formi í gegnum bændatorgið. Hægt er að fara inn á það t.d. með því að fara á www.bondi.is og velja þar „styrkir til jarðabóta“ og þar undir „rafræn umsókn“. Þar skrá menn sig inn á Bændatorgið eins og í fjárvis.is eða jörð.is og velja „umsóknir“ á hliðarstikunni vinstra megin. Til að fá úttekt verður ræktun að vera meiri en 1,5 ha. Bændur eru hvattir til að tilgreina tegund ræktunar og yrkja. Sækja þarf um á kt. rekstareiningar þar sem búnaðargjaldsskyld framleiðsla er stunduð sem er með sérstakt vsk.númer.

Það kemur ekki í ljós fyrr en í lok ársins hver styrkurinn á hvern hektara verður, m.a. vegna þess að það ræðst af umfangi ræktunarinnar á landsvísu og heildarfjárhæð. Til samanburðar má geta þess að á síðasta ári var hann 13.050 krónur á fyrstu 20 ha en 8.700 krónur á ha upp að 40 ha ræktun.

Viðvera á skrifstofum

Þegar lambaskoðanir hefjast verður óhjákvæmilega minni viðvera á skrifstofum okkar. Seinni part september og út október má allt eins búast við að þriðjudags viðvera á Hvammstanga falli niður og sömuleiðis er ekki á vísan að róa með viðveru á Blönduósi. Bændur eru því hvattir til að nota netfangið okkar rhs@bondi.is sem mest til að koma óskum um lambaskoðunardaga eða annað á framfæri. Einnig er hægt að hringja í okkur í gsm-síma.

Vegna námskeiða verður einnig lítil viðvera á skrifstofum BHS vikuna 27.-31. ágúst næstkomandi.

Uppskerutjón vegna langvarandi þurrka

Í sumar hafa langvarandi þurrkar valdið talsverðum skaða á tünnum víða hér á svæðinu. Þetta er þó mjög misjafnt á milli bæja og svæða. Bjargráðasjóður bætir hluta af alvarlegu tjóni bæði vegna kals og þurrka og getum við aðstoðað bændur við umsóknir vegna þessa. Það verður þó ekki gert fyrr en í haust, þegar lokatölur liggja fyrir varðandi uppskeru af tünnum. Uppskeyra sumarsins er þá borin saman við uppskeru skv. forðagæsluskýrslum tvö undanfarin ár auk þess sem fram þarf að koma magn áburðar sem keyptur var í ár og síðastliðið ár. Jafnframt þurfa að koma fram upplýsingar um hvort leigið hafa verið tún eða keypt hey.

Við viljum biðja þá bændur sem telja sig hafa orðið fyrir verulegu tjóni að taka saman þessar upplýsingar að loknum heyskap og koma með þær til okkar svo við getum aðstoðað þá við umsóknir.